



22130101



**ICELANDIC A: LITERATURE – HIGHER LEVEL – PAPER 1**  
**ISLANDAIS A : LITTÉRATURE – NIVEAU SUPÉRIEUR – ÉPREUVE 1**  
**ISLANDÉS A: LITERATURA – NIVEL SUPERIOR – PRUEBA 1**

Wednesday 8 May 2013 (morning)  
Mercredi 8 mai 2013 (matin)  
Miércoles 8 de mayo de 2013 (mañana)

2 hours / 2 heures / 2 horas

---

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a literary commentary on one passage only.
- The maximum mark for this examination paper is *[20 marks]*.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire littéraire sur un seul des passages.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est *[20 points]*.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario literario sobre un solo pasaje.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es *[20 puntos]*.

Skriðu bókmenntagreiningu um **annan** af eftirfarandi textum:

1.

Hann brá sleðabandinu aftur um axlir og undir hendur sér, hélt á ljóskerinu í vinstri hendi. Auðvelt var að fylgja sjálfri slóðinni, en sleðinn var breiðari og lá djúpt í. Leiðin var heldur ekki á jöfnu landi, heldur upp og ofan og aftur upp; þá varð hann að rykkja sleðanum eftir sér, faðm fyrir faðm. Landið var dauðalegt í þessari hvítbláu skímu, trén stírðnaðar vofur á báðar hendur, ekkert hljóð nema marrið undan fótum hans og brakið í sleðaskriflinu þegar hann rykkti í. Um stund fannst honum ekki trúlegt að neitt væri lifandi úti í þessu dauðans tómi.

Einhver kimi í huga hans sagði að hann væri mjög farinn að sljóvgast. Hann steig áfram, kippti í, lét sig falla fram á bandið, stanzaði og blés, hættur að gera sér grein fyrir því hvað var jafnslétta og hvað upp í móti. Annar vökukimi sagði: Slepptu bölvuðum sleðanum, en skrokkurinn hafði ekki rænu á því, féll á, kafaði áfram. Skyndilega vaknaði hann af mókinu: Hann heyrði kallað. Hann stanzaði, dró af sér vettlingana, losaði um skinnhúfuna og hlustaði út í blátt myrkrið. Já, nú heyrði hann það betur. Hingað! Það var stúlkurödd. Hingað! Við erum hér! Þá var eins og aflið sem honum hafði týnt á leiðinni flyti inn í hann aftur. Hann fann aftur til fótanna, gat aftur séð með augunum, lyfti upp kerinu. Hó, hó! reyndi hann að hrópa á móti, en hljóðið sat frosið í kverkunum. Hó, hó! Nú var það skárri. Hingað! var hrópað á móti, og það sem hann hélt að væri óraleið voru ekki nema nokkrir faðmar. Nú sá hann stúlkuna, og eftir nokkur skref sá hann líka manninn liggjandi í snjónum.

[...]

Þegar á hlaðið kom hljóp hún framfyrir og opnaði inn í göngin, kallaði á móður sína að opna inn í baðstofu, og saman drösluðu þau honum öll þrjú upp í fremsta rúmið.

Þau húsfreyja skoðuðu á honum fótinn og þótti báðum sem hann væri óbrotinn, en brákaður og illa bólginn. Hún dró af honum fót, sótti rýju og lagði bakstur við; þá var hann sofnaður. Stúlkann bograði í skjóli við innsta rúmið og reyndi að komast í hlýjar spjarir en mátti varla svo niður tylla sér að augnlokin sigju ekki saman og hún gleymdi sér, þrátt fyrir kerti á rúmstuðlinum og þennan ókunna mann í baðstofunni. Ekki var hann huldumaður, svo mikið var víst, því nú var hann setstur á rúmið hennar með skerborð á hnjúnum og tekinn til við jólakétið. Verst var að koma upp um sig sokkunum. Henni leið í brjóst milli hæls og kálfa, og aftur milli kálfa og hnés; hafði ekki rænu á að binda um. Hálf í svefni spurði hún móður sína:

- Hver er maðurinn?

- Ég veit það varla frekar en þú. Heitir Kristján og kom norðan úr hrauni. En blessaður lífgjafi hvaðan sem hann er.

- Frá Drumbroddsstöðum í Tungunum sagði hann með smér á hnífnum. Nýlega kominn á Miðfell með móður minni. Þetta styrkti hana. Hún kom ögn fram á gólfíð, í einberri þrjónaklukku og með kálfsfætur, með dökkt skrofið hár, þétt um sig og lágvaxin. Hún steig fram að næstu rúmbríkinni og strauk hendi yfir stríð hárin á staknum sem þar lá; spurði móður sína enn:

35 - Í hverju var hann?

- Hvað skyldi ég vita um það Sigga mín.

- Það er hreindýraskinn sagði hann með kėtið og kökuna. Sútaði það sjálfur og saumaði.

- Norðan? spurði hún enn. Kom hann að norðan?

- Maddama Sigríður sendi hann á móti okkur, en hann ... ja, fór víst eitthvað yfir skammt.

- 40 - Móti okkur? Hvernig þá?  
- Af því væna mín að okkar var saknað við jólamessuna og hún maddama Sigríður var orðin eitthvað hrædd um okkur. Þá sneri hún sér að manningnum, sem sat á nærbuxunum á hennar eigin rúmi, mjög sterklegur að sjá undir skyrtunni.  
- Ókunnugan mann?
- 45 Hann hætti við að setja bitann upp í sig og fór um hana augum, barm, mjaðmir og leggi, þar sem sokkarnir hólkuðust niður um hana. Hún stóð eilítið gleið, víst af því hvað hún var syfjuð.  
- Kannski það séu forlögin sagði hann skelmskur og stakk upp í sig bitanum.

Björn Th. Björnsson, *Hraunfólkið* (1995)

2.

### Heimskingjarnir

- Sjórinn er seigur af frosti  
allt er hljótt af logni  
ekkert vakir nema kuldi  
og maður undir fullu tungli  
5 sem hugar að neti.
- Handtökin snör af öruggri visku vanans  
er hann leggur frá landi.
- Þungur sláttur áranna  
þungur sláttur hjartans  
10 léttur dráttur andans.
- Hann kastar út netinu og reynir  
að draga tunglið upp úr djúpinu.
- „Lífið er ekkert nema sláttur og dráttur,“  
tautar hann og blótar
- 15 og ég blóta því ég finn  
að hugsun mín smýgur  
um möskva orðanna
- þó mun ég róa út aftur að morgni.

Haukur Ingvarsson, *Niðurfall og þættir af hinum dularfulla Manga* (2004)

---